



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Viðspyrnusjóður

Grýtubakkahrepps vegna áhrifa Covid-19, apríl 2020

Settur er á laggirnar Viðspyrnusjóður sem nýtur framlaga frá sveitarfélagi og einkaaðilum. Grýtubakkahreppur leggur til sjóðsins allt að kr. 1.250.000,-
Sænes ehf. leggur til sjóðsins allt að kr. 2.500.000,-

Sjóðurinn er myndaður til að bregðast við þeim óvæntu og sérstöku aðstæðum sem skapast hafa vegna heimsfaraldurs Covid-19 veirunnar. Við blasir alger stöðvun á tekjustreymi ferðaþjónustu um tíma og við þeim aðstæðum þarf að bregðast með afgerandi hætti þó vart séu fordæmi fyrir því sem hér er gert. Stofnun sjóðsins hefur ekki fordæmisgildi gagnvart öðrum atvinnugreinum eða gagnvart áföllum í framtíðinni.

Grýtubakkahreppur fer með fyrirsvaer fyrir sjóðinn og sér um umsýslu hans.

Úthlutunarnefnd skipa:

Sveitarstjóri, oddviti og stjórnarformaður Sæness ehf.

Hlutverk:

1. Að styrkja ferðaþjónustuaðila með beinum hætti til að létta þeim róðurinn við að komast í gegnum þetta ástand.
2. Að stuðla að og kosta markaðssetningu hreppsins þegar áhrifa af Covid-19 hættir að gæta, jafnt sem áfangastaðar ferðamanna og sem afbragðs góðs búsetukosts.

Styrkir fyrir hverja:

- Rekstraraðilar í ferðaþjónustu sem voru með lögheimili í hreppnum 1. mars 2020 geta sótt um framlag úr sjóðnum.
- Framlag til markaðsmála er á forræði Grýtubakkahrepps.

Umsóknarfrestur og úthlutun:

- Sækja ber um eigi síðar en 15. maí 2020. Úthlutun verður 1. júní 2020. Ef ástandið breytist ekki til batnaðar kann að verða bætt í og úthlutað aftur seinna á árinu. Verður það þá auglýst aftur með sama hætti og nú.
- Umsóknir skal senda á netfangið sveitarstjori@grenivik.is

Gögn og upplýsingar sem fylgja þurfa umsókn:

- Nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda
- Síðasti ársreikningur
- Heildarvelta 2019
- Fjöldi ársverka í rekstrinum
- Upplýsingar um afbókana á fyrstu 6 mánuðum ársins 2020, reiknað í krónum
- Stutt greinargerð um áhrif faraldursins á reksturinn
- Upplýsingar um bankareikning

Úthlutunarreglur:

Tekið er mið af eftirfarandi þáttum við úthlutun;

- Fasteignagjöld af atvinnuhúsnæði í ferðaþjónustu (C-flokkur) (vigtar 50%)
- Hlutfall afbókana af ársveltu (vigtar 25%)
- Umfang rekstrar, ársverk og ársvelta (vigtar 25%)
- Rekstraraðilar sem ekki eiga ferðaþjónustufasteign í C-flokki, geta þó mögulega fengið úthlutað, upphæðarviðmið lækka þá um 50%.



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Túngötu 3 – 610 Grenivík – Sími 414-5400
www.grenivik.is

Úthlutunarnefnd ákveður hvort fallist er á umsókn og hversu hátt framlag umsækjandi fær úr sjóði. Úthlutunarnefnd getur veitt umsækjanda skamman frest til að skila viðbótar gögnum eða upplýsingum eftir því sem þörf krefur við mat umsóknar.

Útgreiðsla:

- Hver rekstraraðili getur að hámarki fengið úthlutað kr. 500.000,-
- A.m.k. 50% af úthlutun komi til greiðslu fasteignagjalda til Sveitarfélagsins og er úthlutunarnefnd heimilt að greiða framlagið eða hluta þess beint til sveitarsjóðs
- Aðilar geta óskað eftir að hærra hlutfall framlags komi til greiðslu fasteignagjalda
- Afgangurinn verður lagður inn á reikning viðkomandi 1. júní 2020
- Ef aðilar verða styrktir sem ekki greiða fasteignagjöld, kemur öll greiðslan til útborgunar 1. júní 2020.

Skattskylda:

Greiðslur úr sjóðnum koma ekki til endurgreiðslu og mynda því skattskyldar tekjur hjá rekstraraðila.

Samþykki um söfnun og meðferð upplýsinga:

Með umsókn samþykkir umsækjandi að sveitarfélaginu og aðilum sem starfa að verkefninu með því, sé heimilt að vinna úr og varðveita upplýsingar sem liggja fyrir við afgreiðslu umsóknar. Jafnframt samþykkir umsækjandi að heimilt verði að birta nafn hans og styrkfjárhæð, verði umsókn samþykkt og komi til útgreiðslu. Aðrar upplýsingar verða ekki birtar um umsækjanda.

Málskot og önnur atriði:

Telji aðilar í einhverju brotið á sínum rétti við málsmeðferð, geta þeir skotið máli sínu til sveitarstjórnar. Málskot, þar sem fram komi hverjar kröfur eru gerðar, hvaða málsatvik liggja til grundvallar, röksemdir og gögn, skal hafa borist sveitarstjórn eigi síðar en 30 dögum eftir að málshefjandi hefur fengið upplýsingar um atvik sem kært er útaf. Berist málskot síðar verður því vísað frá.

Ákvæði til bráðabirgða:

Málskot vegna úthlutunar sem fyrirhuguð er 1. júní 2020 skal hafa borist á skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. júlí 2020.

Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum er ekki stjórnvaldsákvörðun. Hvernig fé er skipt milli beinna styrkja og markaðsmála fer m.a. eftir umfangi umsókna um styrki og er ákvarðað af úthlutunarnefnd.

Markaðssetning:

Vinna skal að undirbúningi markaðsátaks meðan þessi kyrrstaða ríkir og blása til aðgerða þegar áhrifa Covid-19 hættir að gæta. Kynning skal miðast jafnt við Grýtubakkahrepp sem ferðamannastað með ótal möguleikum til upplifana og sem góðan búsetukost með góðri þjónustu og mannlífi í nánnum tengslum við náttúruna.

Kynning á sjóðnum:

Sjóðurinn verður kynntur á heimasíðu og íbúasíðu hreppsins.